

# Fundargerð

## Skólaráð Ölduselsskóla

14. janúar 2019

Mættir: Birna Sif (skólastjóri), Elínrós (aðstoðarskólastjóri), Sólveig (fulltrúi annarra starfsmanna), Rúna og Raket (fulltrúar kennara), Magnea og Kjartan Helgi (fulltrúar nemenda), Kristín og Kristín Steinunn (fulltrúar foreldra) og Ólafur prestur (fulltrúi grenndarsamfélagsins).

Fjarverandi: enginn

Farið var yfir fundargerð síðasta fundar.

### Styrkir/forritunarkennsla

Upplýsingar lágu ekki fyrir hvort að samþykkt hafi verið styrkumsókn sem foreldraráð og stjórnendur sóttu um fyrir verkefni með Skema. Stjórnendur upplýstu skólaráð um að send verði umsókn í Sprotasjóð fyrir sama verkefni.

### Símamál

Skólinn í samvinnu við foreldra eru að skoða leiðir til að minnka símanotkun nemenda á skólatíma. Skjátími er orðinn allt of mikill og rannsóknir sýna að hann leiði til vanlíðunar. Á yngsta- og miðstigi eru símar bannaðir en í unglingadeild hafa nemendur fengið að vera með síma í frímínútum. Símanotkun unglínga er þó meiri þar sem þeir nota síma í eyðum, á göngum og jafnvel í kennslustundum í leyfisleysi. Eyjólfur Örn Jónsson sálfræðingur mun halda fyrirlestur fyrir nemendur í 8.-10. bekk þann 23. janúar. Fyrirlesturinn fjallar meðal annars um tölvufíkn. Í kjölfarið á fyrirlestrinum verður skólaþing með hverjum bekk í árgangi. Skólaþingið er liður í því að veita nemendum tækifæri til að vera með í umræðunni og úrlausnum á því hvernig hægt er að minnka skjátíma barna þeim sjálfum til heilla.

### Agaferrill

Skólastjóri lagði fram drög að skjali sem inniheldur upplýsingar um hvaða leiðir er farið til að bregðast við agabrotum. Ferrillinn skiptist í þrjú stig eftir þyngd brota og viðurlög eftir því. Ákveðið var að bæta upplýsingum um banni við veipi í 3. stig og að klára drögin og leggja fyrir opna skólaráðsfundinn í febrúar.

### Skóladagatal 2019-2020

Skólastjóri lagði fram drög að skóladagatali fyrir næsta vetur. Foreldrar lýstu yfir ánægju með að hafa skólasetningu fyrsta daginn í skólanum þ.e. að hann sé ekki skertur dagur. Skólastjóri ræddi að hefð væri fyrir því að vorhátíð sé tvöfaldur dagur. Stjórnendur eru að skoða hvort að það sé nóg að vera með kynningarfundum að hausti og fyrstu foreldraviðtölin í október og næstu í janúar, við annarskil. Einnig er stefnt að því að setja þemadaga á skóladagatalið fyrir og eftir áramót. Ekki er hægt að raða starfsdögum strax þar sem nokkrir eru sameiginlegir með leikskólunum og Seljaskóla.

### Opinn skólaráðsfundur

Næsti fundur skólaráðs verður opinn fundur. Á þeim fundi verða foreldrar og aðrir hvattir til að mæta. Á fundinum verður agaferill kynntur og rætt um stefnu skólans varðandi símanotkun barna á skólatíma.

### Stundatafla/íþróttir

Foreldrar ræddu um þá ósk að nemendur í unglingsdeild væru oftari en einu sinni í viku í íþróttum. Foreldrar myndu frekar vilja að börnin væru oftari í viku í styttri tíma heldur en einu sinni í langan tíma.

### Matartími unglinga

Spurt var hvort hægt væri að hafa matartíma hjá unglingunum fyrr þar sem þau væru orðin mjög svöng kl. 12:30 þegar þau eiga að fara í mat. Erfitt er að breyta matartímanum en hægt væri ef til vill að bjóða unglingum upp á ávexti í frímínútum kl. 11:10-11:20.

### Könnun/Ungt fólk (Rannsóknir og greining)

Foreldrar óska eftir að fá upplýsingar á niðurstöðum úr könnuninni *Ungt fólk*. Ekki má senda niðurstöður til foreldra en hægt er að kynna þær fyrir skólaráð.

### Hafragrautur

Ekki er komið svar við því hvort að hægt sé að bjóða unglingum upp á hafragraut á morgnana. Ákveðið að setja samlokugrill og örbylgjuofn í hátíðarsal svo nemendur geti hitað nesti.